



Stjórnarfundur haldinn 11. jan. 2005 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Skinfaxi.

Bréf frá UMFÍ v/ útgreiðslu á þremur milljónum króna sem samþykkt var á þingi UMFÍ 2003 til aðildarfélaga. UMFÍ óskar eftir greinargerð um hvernig fjármagninu var ráðstafað hjá aðildarfélögum.

Bréf frá Tok

Bréf frá ZOON v/ íþróttafatnaðar.

3. Send bréf.

Bréf sent til Sparisjóðsins í Keflavík vegna yfirdráttarheimildar til handa knattspyrnudeild Keflavíkur.

4. Aðalfundir deilda Keflavíkur og félagsins.

Aðalfundir hafa verið ákveðnir og verða auglýstir á heimasíðu félagsins og sett auglýsing í staðarblöð. Fundirnir fara fram í félagsheimili okkar að Hringbraut 108.

5. Önnur mál.

Aðalstjórn keypti tuttugu og fimm eintök af geisladisk með stuðningsmannalögum Keflavíkur af körfuknattleiksdeild.

Rædd voru samskipti aðalstjórnar og deilda og hvort eitthvað mætti bæta þau.

Rætt um fjárhagsstöðu aðalstjórnar. Ákveðið að deila út því lottói sem aðalstjórn hefur fengið frá UMFÍ og ÍSÍ á árinu 2004 til deilda félagsins.

Rætt um félagsaðstöðu hjá félaginu og hvernig best sé að standa að framhaldinu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:05.

